

UPPLÝSINGAR UM GAGNAVERND OG -LEYND

Vernd persónuupplýsinga við notkun á sjálfvirka kviðskilunartækinu *sleep•safe harmony* við heimaskilun eða í klínísku umhverfi¹

1. Persónuupplýsingar á *sleep•safe harmony*-tækinu


Persónuupplýsingar eru vistaðar á kviðskilunartækinu þegar það er fyrst sett upp og stillt fyrir notandann. Persónuupplýsingar eru meðal annars, en takmarkast ekki við, meðferðartengd gögn og aðrar viðkvæmar upplýsingar sem geta gert aðilum kleift að draga ályktanir um heilsufar notanda. Þú ættir að tryggja að skilunartækið og gögnin, sem það geymir, séu ávallt varin gegn óheimilum aðgangi óheimilla aðila. Það má til dæmis gera með því að setja kviðskilunartækið í læst eða vaktað herbergi, sem almenningur hefur ekki aðgang að, eða með því að grípa til annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að gögnunum sem geymd eru á tækinu.

Það ætti einnig að vernda PatientCard^{Plus} (sjúklingakortið), sem kemur með kviðskilunartækinu, gegn aðgangi óheimilla aðila og geyma það á öruggum stað eftir að það hefur verið persónubundið og þegar það er ekki í notkun þar sem kortið veitir aðgang að tæki sjúklingsins og þar af leiðandi meðferðarupplýsingum hans. Aðeins ætti að deila sjúklingakortinu með viðurkenndum aðilum, sem koma að meðferð sjúklingsins, (eins og lækni sjúklingsins).

2. Viðurkennd notkun á *sleep•safe harmony*-tækinu

Aðeins sjúklingurinn og viðurkenndir aðilar ættu að mega skoða skjáinn og fá aðgang að kviðskilunartækinu og gögnunum á því. Til að sjá megi hvort kviðskilunartækið hafi verið opnað af óheimilum einstaklingum er að finna eitt (1) öryggisinnsgli á tækinu með QR-kóða á vinstri hlið skjásins. Sjá staðsetningu innsiglisins á mynd 1 og dæmi um innsigli með QR-kóða á mynd 2. Gangið ávallt úr skugga um að innsiglið sé órofið.

¹ Eftirfarandi athugasemdir koma frá okkur sem framleiðanda (Fresenius Medical Care AG, Else-Kröner-Strasse 1, 61352 Bad Homburg, Þýskalandi) og eru ekki persónuvernartilkynning. Ábyrgur aðili hvað varðar gagnavernd er sjúkrastofnunin, skilunarmiðstöðin eða lækningurinn sem annast meðferðina.



Ef innsiglið vantar, það er skemmt eða virðist hafa verið fjarlægt og sett á aftur ætti að tilkynna það strax til viðkomandi skilunarmiðstöðvar, sjúkrastofnunar eða meðferðarlæknis. Þú getur líka haft samband við næstu þjónustumiðstöð í notkunarleiðbeiningum kviðskilunartækisins eða framleiðanda tækisins, Fresenius Medical Care á DataProtectionOfficer@freseniusmedicalcare.com.

3. Sending og flutningur á *sleep•safe harmony*-tækinu

Fylgið gagnaverndar- og persónuverndarreglum á viðkomandi stað um meðhöndlun á sjúklingagögnum við sendingu á kviðskilunartækinu og undirbúning þess undir flutning. Ef spurningar vakna um gagnavernd við sendingu eða flutning á kviðskilunartækinu ættir þú að hafa samband við viðeigandi skilunarmiðstöð, sjúkrastofnun eða meðferðarlækni eða næstu þjónustumiðstöð sem sýnd er í notkunarleiðbeiningum tækisins. Einnig er hægt að óska eftir því að tækniþjónustufyrirtækið fjarlægi upplýsingar úr innra minni kviðskilunartækisins áður en því er skilað.

Takið ávallt sjúklingakortið úr kviðskilunartækinu áður en því er pakkað, og geymið kortið á viðeigandi og öruggum stað. Ef sjúklingurinn þarf ekki lengur á sjúklingakortinu að halda ætti að skila því til viðeigandi skilunarmiðstöðvar, sjúkrastofnunar, meðferðarlæknis eða næstu tækniþjónustumiðstöðvar. Stofnunin ætti að fylgja gildandi verklagi við gagna- og persónuvernd á staðnum við meðhöndlun eða förgun á kortinu.

Mikilvægt!

Ef grunur leikur á gagnabroti eða tapi á gögnum vegna óheimils aðgangs ætti að tilkynna slíkt til viðeigandi skilunarmiðstöðvar, sjúkrastofnunar eða meðferðarlæknis. Þú getur líka haft samband við næstu þjónustumiðstöð í notkunarleiðbeiningum kviðskilunartækisins eða framleiðandans, Fresenius Medical Care á DataProtectionOfficer@freseniusmedicalcare.com.